

## 5. stjórnarfundur í stjórnartíð Vesturlands og Vestfjarða í Skógfræðingafélaginu.

*Haldinn í síma 30.01.2014 kl.13:00*

Mættir stjórnarmenn eru Lilja, Valdimar og Sighvatur ásamt varamanni, Bergsveini Þórssyni.

1. Rætt um aðalfund félagsins, hefð er fyrir því að hann sé haldinn kvöldið fyrir Fagráðstefnu skógræktarinnar. Fagráðstefnan er að þessu sinni haldin á Selfossi 12-13.03.2014 og verður aðalfundurinn því haldinn þriðjudagskvöldið 11.03.2014 kl. 20:30. Á dagskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Núverandi stjórn hefur setið í tvö ár og verður því kosin ný stjórn á aðalfundinum. Sú hefð hefur skapast að í stjórn félagsins séu kosnir félagsmenn af ákveðnum landssvæðum og nú er röðin komin að Norðurlandi. Félagsmenn á Norðurlandi eru því hvattir til að gefa kost á sér í stjórn félagsins. Ákveðið var að stinga upp á óbreyttu árgjaldi félagsins á næsta starfsári. Formanni falið að ræða við mögulega fundarstjóra ásamt því að hvetja nemendur í skógfræðinámi til að gerast aukaaðilar að félaginu og sækja aðalfund þess á Selfossi. Jafnframt var formanni falið að vekja athygli félagsmanna á fundinum og hvetja til að bornar verði upp tillögur um málefni skógræktar á fundinum.
2. Rætt um Gunnarssjóð og reglur um hann. Nauðsynlegt er að félagið sinni sjóðnum betur og jafnframt sýni Gunnarslundi í Haukadál meiri ræktarsemi. Formanni falið að afla tiltækra upplýsinga um sjóðinn og tilurð hans og koma með þær upplýsingar á næsta stjórnarfund sem haldinn skal upp úr miðjum febrúar. Umræða um Gunnarssjóð og framtíð hans verði síðan á dagskrá aðalfundar.
3. Rætt um orðanefnd félagsins sem nefnd var á síðasta aðalfundi og ákveðið að leggja til við aðalfund félagsins að slík nefnd verði stofnuð. Formanni falið að koma með drög að slíkri tillögu fyrir næsta stjórnarfund.
4. Rætt um merki félagsins en tillaga að slíku merki var borin upp á aðalfundi 2010 en ekki samþykkt og ekkert hafði verið gert í málinu síðan. Ákveðið að hvetja félagsmenn til að koma með tillögu að merki félagsins fyrir aðalfund þar sem tillögurnar yrðu kynntar og nýrri stjórn falið að vinna áfram að merkinu.
5. Stjórn félagsins hefur verið falið að koma með skemmtiatriði á árs hátíð skógargeirans við litla hrifningu stjórnarmanna sem ákváðu að fela formanni félagsins að sjá um það verkefni.
6. Önnur mál:
  - a. Rætt um þingsályktunartillögu um eflingu skógræktar, 211. mál. Stjórn Skógfræðingafélagsins sendir ekki inn umsögn í nafni félagsins en lýsir almennri ánægju með efni tillögunnar.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 14.15.

Fundargerð ritaði Lilja Magnúsdóttir.

